

Samkomulag vegna bókunar 4

Samningsaðilar hafa komist að samkomulagi um að í stað 12 tíma vaktakerfi verði tekið upp 8 tíma vaktakerfi hjá starfsmönnum í vaktskýli á Grundartanga. Hið nýja vaktakerfi byggir á sama grunni og hjá ofngæslumönnum hjá Elkem Ísland á Grundartanga og tekur gildi 1. september 2020. Við þessar breytingar verður vinnuskylda starfsmanna 156 stundir á mánuði í stað 173,33 stunda. Breyting þessi er gerð á grundvelli bókunar nr. 4 í kjarasamningi aðila frá 12. mars 2020 og að beiðni starfsmanna í vaktskýli.

Vinnutímastyttingin er á grundvelli eftirfarandi:

1. Frídagar vegna rauðra daga, 88 tímar á ári falla niður, en væru annars inn í samsvarandi frítökurétti
2. Þá er 13 mínútna vinnutímastytting sem samið var um í núgildandi kjarasamningi komin til framkvæmda og fækkar vinnustundum í vinnuskyldu starfsmanna. Áhrif þess nemur 56,29 klukkustundum á ári.
3. Gert ert ráð fyrir svokölluðum 15 mínútna tjáskiptum í byrjun og lok vaktar sem falla innan vinnuskyldu.
4. Starfsmenn í hliðvörsli á Grundartanga eiga ekki sérstakan neyslutíma vegna eðli starfsins, en taka neysluhlé þegar því er komið við. Þessi skerðing á töku neysluhlés er einnig notuð til minnkunar á vinnutímaskyldu starfsmanna.
5. Þá telst einnig til vinnuskyldu að starfsmenn með starfsaldur upp að þremur árum skulu skila tveimur skiladögum vegna námskeiðs/fræðslu á ári. Starfsmenn með lengri starfsaldur skulu skila einum skiladegi vegna námskeiðs/fræðslu á ári samkvæmt ákvörðun Faxaflóahafna.
6. Fastir yfirvinnutímar – alls 20 klukkustundir á mánuði - falla niður frá og með 1. september 2020.

Í hinu nýja 8 tíma vaktakerfi verður orlof starfsmanna með eftirfarandi hætti:

Vaktir að sumri: 21


Vaktir að vetrí 8

Reykjavík 29. júní 2020

F.h. Faxaflóahafna sf.

Samþykkt í stjórnar


Faxaflóahafna 29.6.2020


Gísli Gíslason, hafnarstjóri

F.,h. starfsmanna í Vaktskýli


Gunnar Pór Hreiðarsson

F.h. Verkalýðsfélags Akraness


Vilhjálmur Birgisson